

Stjörnuegg hf. - alifuglabú
Vallá
116 Kjalarne

Reykjavík, 6. desember 2019
UST201902-310/F.T.
08.12.02

Efni: Beiðni um uppfærða úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 1. mars 2019 þar sem stofnunin áfirmaði að áminna rekstraraðila vegna frávika er fram komu í eftirliti þann 30. nóvember og 25. júní 2018. Stofnuninni hefur nú borist úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávíkin eru eftirfarandi:

1. **Gr. 2.1 í starfsleyfisskilyrðum.** Við búið skulu vera vandaðar og þéttar hauggeymslur. Stofnunin fór fram á að rekstraraðili óskaði eftir breytingu á starfsleyfi, teldi hann ekki þörf á hauggeymslum á svæðinu og sótti rekstraraðili í kjölfarið um breytingu á starfsleyfi hvað hauggeymslur varðar. Stofnunin hefur tekið málið til nánari skoðunar, þ.e. þá kröfu sem sett fram er í starfsleyfisskilyrðum Stjörnueggja og í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri. Þar segir: „*Við gripahús, þ.m.t. loðdýra-, svína- og alifuglabú, skulu vera vandaðar og þéttar hauggeymslur. Stærð hauggeymslu þarf að miða við að hægt sé að nýta hauginn sem áburð á skynsamlegan hátt þegar jörðin getur tekið við honum eða taka a. m. k. sex mánaða haug.*“ Stofnunin hefur, í þessu máli, ákveðið að líta svo á að gámarnir á lóð rekstraraðila sem nýttir hafa verið undir skít, séu hauggeymslur. Skíturinn er fluttur á nærliggjandi bú í gámunum og telur stofnunin að fyrirkomulag Stjörnueggja við notkun skítsins sem áburð, sé skynsamlegt, sbr. framangreint ákvæði. Stofnunin telur því rekstraraðila ekki þurfa fá starfsleyfi breyt hvað þetta atriði varðar að svo stöddu. Þó tekur stofnunin fram að þó fallið sé frá fráviku nuna, getur verið að kröfurnar verði útfærðar á annan hátt þegar unnið verður að nýju starfsleyfi hjá stofnuninni en útgefín starfsleyfi skulu vera í samræmi við BAT.
2. **Gr. 1.3 í starfsleyfi.** Í gildandi deiliskipulagi er miðað við að starfsemin sé með um 50.000 varphænur. Starfsemin í dag er með 60.000 varphænur. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hafði áður leiðbeint rekstraraðila um að sækja þurfi um nýtt starfsleyfi að undangengnu mati á umhverfisáhrifum og breytingu á deiliskipulagi. Umhverfisstofnun óskaði eftir frekari upplýsingum um stöðu málsins. Rekstraraðili hefur sótt um breytingu á deiliskipulagi og hyggst sækja um nýtt starfsleyfi. Í erindi rekstraraðila dags. 28. ágúst sl. kom fram að tillaga að matsáætlun hafi verið send Skipulagsstofnun. Skipulagstofnun hafi í framhaldi af því óskað eftir nánari upplýsingum um hvernig rekstraraðili ætlaði sér að geyma skít eftir að hann hafi verið fjarlægður úr eldishúsum og fleiri upplýsingar því tengdu. Í svari rekstraraðila til Umhverfisstofnunar kom fram að rekstraraðili liti svo á að ekki væri hægt að svara Skipulagsstofnun fyrr en að fyrir lægi hvort fallist yrði á umsókn um breytingu á starfsleyfi. Rekstraraðili tók fram að þegar niðurstaða umsóknarinnar lægi fyrir, myndi vinna í tengslum við breytingu á deiliskipulagi, mati á umhverfisáhrifum og umsókn um nýtt starfsleyfi fara á fullt.

Þann 26. september sl. sendi Umhverfisstofnun rekstraraðila upplýsingar varðandi frávik 1, þ.e. að stofnunin teldi núverandi framkvæmd rekstraraðila vera fullnægjandi og þyrfti ekki, að svo stöddu, að breyta starfsleyfinu hvað þetta varðaði. Þann 16. október sendi stofnunin rekstraraðila erindi þar sem uppfærðar tímaáætlunar í ljósi framangreindra upplýsinga var óskað. Stofnuninni hefur ekki enn borist slík áætlun.

Umhverfisstofnun fer fram á að rekstraraðili sendi stofnuninni uppfærða úrbótaáætlun varðandi frávik 2., fyrir 15. desember nk. Verði ekki brugðist við erindinu, mun stofnunin halda áfram með eftirfylgni frá því sem var horfið.

Vakin er athygli rekstraraðila á því að Umhverfisstofnun hefur heimildir samkvæmt XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt kröfum stofnunarinnar. Stofnunin getur m.a. lagt á dagsektir og stöðvað starfsemi.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa sambandi við Frigg Thorlacius í síma 591-2000 eða með tölvupósti á frigg.thorlacius@ust.is. Gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið ust@ust.is.

Virðingarfyllst



Skúli Þórðarson
sviðsstjóri



Frigg Thorlacius
Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrít: Heilbrigðisnefnd Suðurnesja